

Nd.

33. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum um fasteignamat, nr. 22, 3. nóv. 1915.

Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson, Björn Stetánsson, Pjetur Ottesen.

1. gr.

Önnur málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Eyðijarðir og eyðilönd, sem sjermetin hafa verið til dýrleika, skal meta sjer í lagi, nema lagðar sje nú að fullu og öllu undir aðra jörð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Til ábúðarskatts skulu hverjar 150 kr. í matsverði jarða og jarðarhúsa jafngilda einu hundraði á landsvisu, með þeim undantekningum, er hjer greinir:

- 1) Umbætur og mannvirki þau, sem metin eru sjer, eru undanskilin skatti.
- 2) Þá skal því einnig slept til ábúðarskatts, sem verð jarðarhúsa kann að fara fram úr helmingi af matsverði jarðarinnar, án umbóta og mannvirkja, sem sjer eru metin.
- 3) Hús þau, er á jörðu standa, og eru annara eign en jarðeiganda, eru undanskilin ábúðarskatti.

Húsaskattur af skattskyldum húsum skal tekinn af matsverði húsanna, að viðbættu matsverði þeirra lóða eða lóðarjettinda, er hverri húseign fylgir.

Ástæður fyrir frumvarpinu.

Raddir hafa komið fram, sjerstaklega frá matsnefndum, um að nauðsyn bæri til að breyta fasteignamatslögumum lítið eitt í einstökum atriðum, og einnig hitt, að ákvæði þeirra yrði gerð skýrari á öðrum stöðum. Og er ætlast til, að þetta frumv. lagi helstu misfellurnar, sem um er kvartað.

Um 1. gr. er það að segja, að fasteignamatsnefndum hefir þótt nokkurir erfíðleikar á því, að framfylgja þeim ákvæðum 4. gr. laganna, er skipa svo fyrir, að meta sjer eyðijarðir og eyðilönd, ef eigi hafi legið undir aðra jörð í 50 ár. En það virðist eðlilegast og hagfeldast, að slíkar jarðir sjeu metnar með aðaljörðinni, ef þær eru að fullu og öllu sameinaðar nú, hvort stutt eða langt er síðan sú sameining hefir átt sjer stað.

Ákvæði 2. gr. lúta að því, að gera 9. gr. skýrari og ótvíræðari. Samkvæmt því, er í lögumum stendur, getur vafi leikið á því, hvernig telja skuli ábúðarskattinn, þegar farið er að byggja á nýja matinu. En það er nauðsyn, að þau ákvæði laganna geti ekki valdið misskilningi. Er hjer að vísu ekki um efnisbreytingu að ræða, því að lögin munu ekki hafa ætlast til, að ábúðarskattur

yrði goldinn að húsum leiguliða, þótt sumir hafi skilið það svo. En vjer höfum viljað, að skýrt kæmi fram, að ábúðarskatt eigi ekki að greiða af húsum þeim, er leiguliðar eiga.